

**Nd.**

**143. Frumvarp til laga**

**[97. mál]**

um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ákveða skal heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík og gerð þeirra höfuðbygginga, sem ákveðið verður að reisa þar, með þeim hætti, er segir í lögum þessum.

Gera skal uppdrátt af heildarskipulaginu, svo og teikningu af öllum höfuðbyggingum, er þar skulu vera. Skal uppdráttur sá gerður með hvort tveggja fyrir augum að varðveita gamlar, sögulegar byggingar miðbæjarins og svip hans, eftir því sem við á, og að tryggja fegurð og samræmi í þeim byggingum, sem reistar verða, sérstaklega þó hinum opinberu byggingum.

Heildarskipulag þetta skal miðast við svæði, sem takmarkast af Hringbraut að sunnan, af Suðurgötu og Garðastræti að vestan, af Tryggvagötu að norðan og af Sóleyjargötu, Skothúsvegi, Þingholtsstræti og (frá Bankastræti) Ingólfsstræti og Sölfhólgötu að austan.

## 2. gr.

Ákvörðun þessa heildarskipulags skal sérstök nefnd annast: skipulagsnefnd miðbæjarins. Skal hún skipuð með þeim hætti, er hér segir:

1. 4 menn skulu skipaðir af Alþingi, einn tilnefndur af hverjum þingflokki.
2. 4 menn tilnefndir af ríkisstjórn.
3. 4 menn tilnefndir af borgarstjórn Reykjavíkur, einn frá hverjum flokki.
4. 4 menn tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands.

Þá skulu og eftirfarandi menn eiga sæti í nefndinni án tilnefningar: skipulagsnefndarmenn ríkisins, borgarstjóri Reykjavíkur, þjóðminjavörður og skipulagsstjóri ríkisins.

Þessi nefnd skal kjósa sér framkvæmdanefnd. Heimilt er skipulagsnefnd miðbæjarins að ráða í þjónustu sína sérfræðinga og aðra starfsmenn, láta gera teikningar og líkön og gangast fyrir hugmyndasamkeppni, einnig með þátttöku erlendra manna. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starf nefndarinnar. Hafa skal hún aðgang að öllum þeim teikningum, uppdráttum og öðru, sem unnið hefur verið að áður á þessu sviði. Kostnaður við nefndarstörf greiðist úr ríkissjóði.

## 3. gr.

Skipulagsnefnd miðbæjarins skal alveg sérstaklega vinna að staðsetningu og teikningu alþingishúss — til viðbótar eða í stað hins núverandi, stjórnarráðshúss og ráðhúss Reykjavíkur, ef ráðlegt þykir, að allar þessar stórbyggingar verði innan þessa svæðis. Þá skal hún og ákveða, hvort ráðlegt sé að listasafn ríkisins og aðrar opinberar byggingar verði innan þessa svæðis. Það er og í hennar verkahring að ákveða um, hverjar einkabyggingar verði á þessu svæði, og að móta í aðalatriðum gerð þeirra, sem og torga þeirra og opinberra garða, er þar skal hafa.

Bannað er að rífa eða breyta hið ytra menntaskólahúsinu, alþingishúsinu, dómkirkjunni og stjórnarráðshúsinu, né nokkru því inni í þessum húsum, er raskar sögulegum minjum tengdum þeim.

Nefndin skal ákveða, hvaða aðrar gamlar byggingar skuli standa og bannað sé að fjarlægja eða rífa.

## 4. gr.

Þar til skipulagsnefnd miðbæjarins hefur lokið störfum og heildarskipulag miðbæjarins verið endanlega ákveðið, er bannað að reisa varanlegar byggingar innan þessa svæðis. Ljúka má þó byggingum þeim, sem byrjað var á fyrir 31. des. 1963.

Engar bráðabirgðabyggingar má reisa á þessu svæði, nema með einróma samþykki skipulagsnefndar miðbæjarins.

## 5. gr.

Þegar starfi nefndarinnar er lokið og endanlegar tillögur gerðar um allt heildarskipulag miðbæjarins og höfuðbygginga hans, skal nefndin leggja tillögur sínar fyrir Alþingi, ríkisstjórn og borgarstjórn Reykjavíkur. Fallist allir þessir aðilar á sömu tillögu, er heildarskipulagið þar með ákveðið. Verði ágreiningur milli þeirra,

tekur ríkisstjórn endanlega ákvörðun. Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð ströng skipulagsákvæði til þess að tryggja, að framkvæmd skipulagsuppráttarins verði í föstum skorðum.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Sem stendur er um það rætt að byggja allar helztu opinberar byggingar ríkis og höfuðborgar, þær er venjulega þykja svipmestar í höfuðborgum, á einum og sama stað: í „kvosinni“, hinum gamla miðbæ Reykjavíkur. Er hér um að ræða stjórnarráðshús, alþingishús og ráðhús Reykjavíkur. Eru starfandi sérstakar nefndir í öllum þessum byggingarmálum, ein í hverju. Hins vegar er enn ekkert heildarskipulag ákveðið.

Samtímis er það svo, að enn standa á þessu sama svæði sögulegar byggingar, sem hver menningarþjóð mundi setja stolt sitt í að varðveita sem bezt til síðari tíma án þess að breyta þeim. Er hér um að ræða hús eins og menntaskólahúsið, alþingishúsið, dómkirkjuna og stjórnarráðshúsið, eða af yngri byggingum Iðnó og gamla Búnaðarfélagshúsið, — sérkennilega fulltrúa horfins byggingarstíls, geymandi einnig sögulegar minjar. Öll þessi hús og ótal fleiri á þessum stað og víðar í Reykjavík, ekki síst í Vesturbænum, mundu aðrar þjóðir reyna að varðveita sem lengst á þeim stað, þar sem þau eru. Komandi kynslóðir verða ekki í neinum vandræðum með að byggja hús, þær munu búa við allsnægtir í þeim efnum, sem við vart gerum okkur grein fyrir. En eitt geta þær ekki gert: þær geta ekki byggt gömul hús. Þau sögulegu hús, sem nú verða rifin, verða aldrei byggð aftur. Núverandi kynslóð er stundum orðhvöss gagnvart fátækum forfeðrum, er glatað hafi dýrmætum skrifuðum söguminjum, en hún má gæta þess, að komandi kynslóðir dæmi hana ekki harðar fyrir að hafa vísitandi eyðilagt í bráðræði, steigurlæti eða gróðabraski sögulegar minjar, sem eigi verða endurheimtar.

Það þarf að vanda það vel, hvernig miðbærinn gamli í Reykjavík verður, hvernig hið gamla, sem á að haldast, og hið nýja, sem á að rísa, fari bezt saman, án þess að eyðileggja öll hlutföll og skemma heildarmynd. Það er algerlega ófært að ákveða skipulag hvers húss út af fyrir sig án þess að hafa þegar ákveðið heildarmyndina. Þess vegna er höfuðtilgangur þessa frv. að gera ráðstafanir til þess, að slíkt heildarskipulag sé ákveðið fyrir miðbik höfuðborgarinnar, áður en farið er að gera óafturkallanlegar ráðstafanir um einstök hús. Er því m. a. lagt til að banna að reisa varanlegar byggingar í miðbænum, unz heildarskipulag hefur verið ákveðið.

Það er þegar búið að spilla mikið útliti Reykjavíkur sökum skorts á yfirsýn, og miðbærinn hefur ekki heldur farið varhluta af slíkri eyðileggingu.

Allar menningarþjóðir sýna höfuðborg sinni sérstaka rækt í þessum efnum.

Vér Íslendingar eigum að gera það líka. Og það eru síðustu forvöð að taka í taumana.

Það kann vel svo að fara, ef þetta frv. verður samþykkt, að lóðir í miðbænum kynnu að lækka nokkuð í verði, þegar bannað yrði um nokkurt skeið að reisa varanlegar byggingar á þeim.

Áætlað er, að söluverð aðeins lóðanna við Austurstræti, Bankastræti og upp að Laugaveg 99 sé a. m. k. 335 millj. kr. (hins vegar eru allar jarðir á landinu líklega undir 200 millj. kr. virði til sölu). Lóðaverðið í miðbænum er baggi á heilbrigðu efnahagslífi. Það væri því til góðs fyrir heildina, ef bann um tíma við byggingum í aðalmiðbænum gæti orðið til að draga úr miskunnarlausu gróðabraski með lóðir þar, svo að ekki sé talað um, að það gæti ef til vill orðið til þess að forða Reykjavíkurborg frá því a. m. k. um tíma að kasta út hundruðum milljóna króna í eyðslu, sem sumir mundu kalla flotræfilshátt, en eyðilegði um leið óafturkallanlega þá aðstöðu, sem þorra bæjarbúa er nú mjög kær við tjarnarendann hjá Vonarstræti.

En þetta eru góðar afleiðingar, sem af samþykkt frv. gætu orðið auk aðaltilgangsisins: að tryggja í senn fegurð og þjóðlega ræktarsemi í miðbæ höfuðborgarinnar.